



02/10 2019

Stjórn og trúnaðarráð FÍR

Stórhöfða 31 4.hæð

Mætt voru: Andri Reyр Haraldsson, Borgþór Hjörvarsson, Sigmundur Grétarsson, Margrét Arnarsdóttir, Hafsteinn Hreiðarsson, Jakob Þór Leifsson, Arnar Þór Björgvinsson, Björn Hilmarsson, Kristján Helgason, Guðmundur Gunnarsson, Eiríkur Jónsson, og Guðmundur Ævar Guðmundsson.

Í fjarfundi: Berglind Leifsdóttir

Fundur settur : 18:13

Gestur : Húbert eftirlitsmaður RSÍ

Borgþór setur fundinn

Húbert fer yfir hvernig eftirlitið hefur gengið síðan hann byrjaði. Vantar oft einhvern með sér og þá sérstaklega á mánudögum og föstudögum.

- Fer yfir ýmis mál varðandi vinnueftirlitið
- Húbert minnst á hvernig pólskt sveinsbréf er metið á Íslandi

Húbert yfirgefur fundinn.

Ritari les fundargerð síðasta fundar, athugasemdir við fundargerð frá Hilmarí hann vill fá listann yfir félagsmenn FTR sem vinna fyrir rafverktaka fyrir næsta fund. (Borgþór hafði tekið það að sér á síðasta fundi samkvæmt fundargerð).

Margrét vill bæta inn í fundargerð að öryggisnefnd hefði tekið að sér að meta hættur sem fylgja því að vera ólétt og vinna rafvirkjastörf samkvæmt reglugerð nr 931/2000.

Hafsteinn Hreiðarsson vill að verklagi verði breytt, fyrsta mál verði að lesa fundargerð og fara yfir þau mál sem voru sett fyrir og rætt hver staðan á þeim sé.

Rætt áfram um að Borgþór þurfi að fá lista frá FTR um hverjir af þeirra félagsmönnum vinni hjá rafverktaka og þessu þurfi að taka harðar á.

Sigmundur fer yfir störf orlofsnefndar, hugsanleg kaup og fleira. Eignir Grafú komu inn 1.okt.

Skiptar skoðanir á kaupum á fleiri íbúðum við Hverfisgötu.

Á vinnufundi miðstjórnar RSÍ á Selfossi var ákveðið að skipa nefnd um þing RSÍ og niðurstöður könnunar þar að lútandi.

Vinnufundur miðstjórnar ræddur, átti að breyta siðareglum þar eða? Hversu langt á gjaldkeri RSÍ að fara með því að ætla að breyta siðareglum RSÍ á vinnufundi. Sem aðeins má breyta á þingi RSÍ.

Hilmar tekur fram að hann hafi ekki fengið svör við sínum spurningum um formenn sem vilji fá vinnu hjá RSÍ án þess að hætta sem formenn aðildarfélaga.

Bent á að 3.gr siðareglu sé klárlega brotinn af Jakobi formanni FTR þar sem hann mætir á starfsmannafundi RSÍ. Það er klárt brot á siðareglum og hver er afleiðingarnar af því?

Bætt við hvort Jakob hafi þegið laun frá RSÍ.



Sigmundur tekur að sér að fylgja því eftir á framkvæmarstjórnarfundi fyrir hönd Borgþórs.

Siðanefnd og umræður um hana, eiga þeir sem sitja í miðstjórn að vera í siðanefnd þar sem það gæti orðið hagsmunaárekstur. Hugmynd um að nota trúnaðarmenn í siðanefnd, hver eru viðurlögin.

Málinu frestað, umræður teknar seinna.

Trúnaðarráðstefna RSÍ, hvað skal leggja mesta áherslu á. Hilmar leggur til að áhersla verði lögð á að fara yfir fyrirkomulag samningana og hver staðan sé á vinnustöðum með fyrirkomulag á “styttingu vinnuviku”. Skilgreining á kjarasamning og hvernig á trúnaðarmaðurinn að virka.

Trúnaðarmannaplakat, hver klúðraði þessu og hvers vegna. Starfsmenn Grafíu unnu þetta, það var samþykkt í miðstjórn, en vitlaust plakat fór í prentun.

Margrét útfærir hugmyndir um plaköt, kostnað ofl og leggur fyrir stjórn og trúnaðarráð.

Margrét leggur tillögu sína um lengra fæðingarorlof fyrir konur. Fer yfir áhættur sem fylgja starfi rafvirkja og hafur áhrif á óléttar konur. Halda því sem áður var samþykkt tveir mánuðir í aukið fæðingarorlof og þær ráði því hvernig þær ráðstafa því.

Umræður um tillöguna.

Umræðum frestað þangað til öryggisnefnd hefur skilað sinni vinnu.

Fundi slitið : 20:20